

1858.

1. júlí.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um kosningar til alþingis.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, spurt oss í bréfi 4. f. m., hvort þér ættið að hlutast nokkuð til um kosningar til alþingis í sumar, þótt svo kynni verða, að kjörstjórar sæi eigi ráð fyrir þeim í tæka tíð. Þessu svörum vör á þá leið, að eptir tilskipun 8. marz 1843, sbr. einkum 14., 17. og 24. gr., er tilskipun 6. janúar 1857 hefir í engu breytt, þá er það skylda bæjarfógetans í Reykjavík og sýslumanna, sem kjörstjórar eru í sinni sýslu hverr, að sjá svo um kosningar sem þarf, án þess þeir sé hvattir til þess á nokkurn hátt; en líti nú út til þess að kjörstjórar ætli að gleyma þessari skyldu sinni, þá viljum vör fela yður á vald, herra stiptamtmaður, að minna þá á lagagreininir þær, eru nú voru nefndar.

6. júlí.

20. Auglýsing um að skip, sem eiga heima í konungsríkinu Niðurlöndunum og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, sé undanþegin að greiða 2 rd. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konunglegum úrskurði 1. apríl. 1856.

Eptir samningi, sem gjörður er milli konungsríkisins Danmerkur og konungsríkisins Niðurlandanna, eru þau skip, sem eiga heima í síðarnefndu konungsríki og fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, undanþegin að greiða 2 rd. aukagjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er í konunglegum úrskurði 1. apríl 1856., sem birtur er með auglýsing frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2 sama mánaðar.

Þetta gefst hérmeð öllum hlutaðeigendum til vitundar.

23. júlí.

21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um fæðingarhúsið í Vestmannaeyjum.

Þér hafið nú, herra stiptamtmaður, ritað oss 21. apríl í vor álit yðart um bónarbréf nokkura Vestmanneyinga, og sent